

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2012****2012/EES/34/15****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2010 frá 10. desember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/59/ESB frá 13. maí 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga þá að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32011 L 0059**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/59/ESB frá 13. maí 2011 (Stjtíð. ESB L 125, 14.5.2011, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/59/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 17, 31.3.2011, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 125, 14.5.2011, bls. 17.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.